



Reykjavík, 4. júní 2024
MSS24040187

Fjármála- og áhættustýringarsvið - Eignaskrifstofa

Tillögur íbúaráðs Vesturbæjar – Fjárfestingar- og viðhaldsáætlun 2025-2029.

Á fundi íbúaráðs Vesturbæjar þann 27. maí var lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 23. apríl 2024, vegna aðkomu íbúaráða að fjárfestinga- og viðhaldsáætlunum 2025-2029 ásamt fylgiskjölum, sbr. 1. liður fundargerðar ráðsins. Samþykkt var að fela formanni að vinna tillögur ráðsins fyrir tilskilinn frest þann 31. maí.

Íbúaráð Vesturbæjar lagði fram fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráði Vesturbæjar þykir upplýsingar tengdar fjárfestingar- og viðhaldsáætlun vera óaðgengilegar og illa nothæfar. Þær eru of almennar og það vantar ítarlegar upplýsingar, s.s. skiptingu verkefna milli hverfa. Stærstu kostnaðarliðir eru yfirheiti yfir mörg verkefni þvert á borgarhluta og því erfitt fyrir íbúaráðið að meta hvaða verkefni eiga við í Vesturbænum eða í öðrum hverfum, kostnað þeirra og einnig að meta þá hverju væri hægt að fresta eða fella niður.

Með hliðsjón af ofangreindu er tillögum Vesturbæjar vegna fjárfestinga- og viðhaldsáætlunar 2025-2029 ásamt fylgiskjölum hér með komið á framfæri.

Guðný Bára Jónsdóttir
Miðlæg stjórnarsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Afrit:

Samrit:

Hjálagt: Tillögur íbúaráða 2025 – Vesturbær

Jafnréttisskimun vegna tillagna íbúaráðs Vesturbæjar(3 eintök)



Reykjavík